

92 Reglugjörð þessi, sem samin er af sýslunefnd Gullbringusýslu og samþykkt 28. ág. af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, staðfestist hjermeð samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, til að öðlast gildi 1. september 1914.

Í stjórnarráði Íslands, 28. ágúst 1914.

Sig. Eggerz.

Jón Hermannsson.

Samþykkt

93
10. sept.

fóðurforðabúrs Saurbæjarhrepps innan Dalasýslu.

Sýslunefndin í Dalasýslu hefir samkvæmt lögum nr. 24, 9. júlí 1909 gert eftirfylgjandi samþykkt fyrir Saurbæjarhrepp.

1. gr.

Fóðurforði búrsins safnast af:

- a. Stofnfjártillögum allra þeirra manna í Saurbæjarhreppi, sem búfje eiga og á vetur setja, miðað við skýrslur heyásetningsmanna með tilsjón af tíundarhaust-framtali, þannig, að þeim ber að borga til forðabúrsins þá er það er stofnað, af hverri kú 100 aur., hverjum hesti 20 aur. og hverri sauðkind 5 aur.
- b. Árleg tillög sömu manna skulu vera $\frac{2}{5}$ partar af stofnfjargjaldinu af hverri skepnu.
- c. Annað fje, sem forðabúrið kann að taka að láni, gefast eða innhendast á annan hátt.

2. gr.

Ætlunarverk forðabúrsins er, að selja hreppsbum fóður þegar heyleysi og harðindi bera að höndum, eftir þeim reglum, sem getur um í 8. grein.

3. gr.

Kaupfjelagi Saurbæinga, eða annari þeirri verslun, sem hreppsbum skifta mest við, skal falið á hendur að kaupa kornmatarforða, géyma hann, afhenda, eftir því sem þarf, og endurnýja árlega, eftir því sem þörf gerist.

Þegar eigi fæst samið um endurnýjun forðans við viðskiftaverslun hrepps-

búa, eða einstaka menn, skulu allir skepnueigendur í hreppnum skyldir til að endurnýja forðann hlutfallslega við skepnufjölda. 93
10. sept.

Sje um heyforða að ræða skal samið við einstakan mann eða menn að afla hans, geyma, afhenda og endurnýja fyrir þá borgun sem um semur.

4. gr.

Stjórn forðabúrsins skal skipuð þremur mönnum, sem kjósa skal á vorhreppaskilum til þriggja ára. Einn gengur úr eftir fyrsta árið, annar eftir tvö ár o. s. frv. eftir hlutkesti, og ber að kjósa mann í þeirra stað til jafnlangs tíma (o: 3 ára), er ganga úr eftir söma röð. Endurkjósa má. Einn skal kosinn formaður. Störf hans sjeu að semja reikninga forðabúrsins og ber honum að leggja þá fram á vorhreppaskilum, endurskoðaða til samþykta atkvæðisbærum mönnum. Hann skal ásamt meðnefndarmönnum sínum sjá um, að sá forði sje til á haustnóttum í forðabúrinu, sem hreppsþúar hafa ákveðið að það skuli hafa til í hvert skifti. Einnig ávísar hann úr forðabúrinu þeim sem meðþurfa, eftir tillögum heyásetningsmanna og í samráði við hreppsnefnd. Annar nefndarmanna skal kosinn gjaldkeri, og hefir hann á hendi alla innheimtu á tillögum hreppsmanna og ef lánað kynni að vera úr forðabúrinu, sem þó má ekki gera nema með tryggingu; sjeu skepnur afhentar gegn fódurforða, annast gjaldkeri um að koma þeim í peninga.

5. gr.

Öll stjórnarnefndin í sameiningu ákveður haust hvert verð á fódurforða þeim, sem forðabúið hefir í það skifti. Sömuleiðis ákveður hún verð á skepnum, ef þær kynnu að vera láttnar fyrir forða. Auglýsa skal hún þetta á hausthreppaskilum hverjum, og skal standa til jafnlengdar.

6. gr.

Kosnir skulu 2 endurskoðunarmenn forðabúrsreikninga árlega á hverjum vorhreppaskilum til eins árs í senn.

7. gr.

Kosningarrjett í málefnum forðabúrsins hafa allir skepnueigendur í hreppnum.

8. gr.

Verð á kornvöru í forðabúrinu skal ákveðið 10 % hærra en útsöluverð er á samskonar vöru í þeirri verslun er kornforðann geymir eða nærliggjandi kauptúnum. Verð á heyi skal vera svo hátt, að forðabúið geti ekki skaðast á sölu þess, með tilliti til rýrnunar og annars. Verð á skepnum, sem teknar kynnu verða fyrir fódurforða, skal vera svo lágt að áreiðanlegt sje að þær seljist fyrir það verð gegn peningum að meðtöldum öllum kostnaði.

Sá ágóði fellur til forðabúrsins, sem af verðhækkuninni kynni að verða.

93

10. sept.

9. gr.

Samkvæmt 2. gr. fá þeir, er þess æskja, úthlutað úr forðabúrinu með tilliti til þess hvað mikill forði er til og hvað þörfin er almenn. Allir þeir, sem fá úr forðabúrinu verða að borga það í peningum, — eða vörum ef um semur — með því verði, er nefndin hefir sett, samkv. 8. gr. Þó má nefndin taka skepnur fyrir fódurforða, sem víst er um að forðabúrið skaðist ekki á við sölu að vorinu. Og hafa þeir, er fódurforða hafa fengið gegn þessari borgun, ábyrgð á þeim skepnum, sem þeir hafa látið til fardaga, en heimild hafa þeir til að innleysa þær með ákvæðisverði í fardögum.

10. gr.

Gjalddagi á árstíllögum í fódurforðabúið skal vera 15. júní ár hvert, og skal hver maður gjalda fyrir þann fjenað, er hann hefir á fóðrum. Taka má gjöld þessi lögtaki, ef ekki eru greidd á tilsettum gjalddaga. Sami gjalddagi er á borgun á því, er menn hafa fengið úr forðabúrinu, að undanteknum skepnum sem afhendast skulu til sölu í fardögum, sbr. þó 9. gr.

11. gr.

Hver einstakur fjáreigandi getur trygt sjer fódur í forðabúrinu í hlutfalli við skepnufjölda, gegn því að borga jafnframt tryggingargjald, sem stjórnar-nefndin ákveður.

12. gr.

Ef á sínum tíma svo mikið skyldi safnast fyrir í forðabúrið, að óparft eða óþægilegt virðist að auka það, skal eigi að síður árlegum tillögum haldið áfram. Og skal þá það fje sem afgangs er lagt í tryggan sjóð, svo hægt sje að grípa til þess ef nauðsyn krefur.

13. gr.

Stjórn forðabúrsins skal fyrst um sinn enga borgun hafa fyrir störf sín að undanskildum gjaldkera fyrir innheimtu. Af því fje, sem gjaldkeri innheimtir fyrir forðabúrið ber honum að fá 4 % í innheimtulaun.

14. gr.

Allir reikningar forðabúrsins skulu endurskoðaðir af manni, sem sýslu nefndin kys og úrskurðaðir af henni.

15. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum frá 2—20 krónum, sem falla til forðabúrsins.

Öll mál, sem rísa útaf samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál. 93
10. sept.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 10. september 1914.

Sig. Eggerz.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

94
19. sept.

**um breyting á hafnarreglugjörð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað
13. febrúar 1913.**

Stjórnarráð Íslands hefir 19. september 1914 gefið út, samkvæmt lögum nr. 26, 9. júlí 1909, svofelda reglugjörð um breyting á hafnarreglugjörð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað frá 13. febrúar 1913.

IV. grein, fyrsta málsgrein orðist þannig:

Heimilt er að leggja yfir veturinn mannláusum skipum, svo lengi sem rúm á höfninni endist, að dómi hafnarnefndar. Skip, sem eiga heima í Hafnarfirði, ganga fyrir skipum, er eiga heimilisfang utan Hafnarfjarðar. Um leyfi til þess ber að sækja til hafnarnefndar, sem vísar á stað, þar sem leggja skal; og skal öllum skipum lagt undir umsjón manns, er hafnarnefnd felur það starf og til þess er álitinn vel hæfur. Skipum, sem lagt er mannláusum vetrarlangt eða um skemri tíma, má ekki leggja fyrir utan þá línu, er hugsast dregin frá Hval-eyrarhöfðatá í svart- og hvítmálaða klettasnös norðan í Hamarskots-Hamri.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 19. september 1914.

Sig. Eggerz.

Jón Hermannsson.